

Rio Tinto Alcan á Íslandi hf.
ISAL
Straumsvík
Pósthólf 244 222 Hafnarfjörður
S 560-7000 F 560-7070

Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar
bt. Bjarki Jóhannesson, sviðsstjóri
Norðurhelli 2
221 Hafnarfirði

10. desember 2013

Umsögn um tillögu að heildarendurskoðun aðalskipulags Hafnarfjarðar 2005-2025

Rio Tinto Alcan á Íslandi hf. hefur fengið til umsagnar tillögu að heildarendurskoðun aðalskipulags Hafnarfjarðar 2005-2025. Fyrirtækið fagnar því að fá tækifæri til að gefa umsögn um tillöguna svo snemma í ferlinu og fer hún hér á eftir.

I. Lega Reykjanesbrautar

Í tillögunni er gert ráð fyrir að horfið verði frá þeirri færslu Reykjanesbrautar sem sýnd er í núgildandi aðalskipulagi og hún þess í stað tvöfölduð þar sem hún liggur nú.

Færsla Reykjanesbrautar er forsenda fyrir mögulegri uppbyggingu á starfsemi fyrirtækisins hinum megin vegarins í framtíðinni. Slík uppbygging getur ekki orðið með óbreyttri legu vegarins. Verði hann tvöfaldaður er hún nánast úr sögunni, nema hinn tvöfaldaði vegur verði færður síðar, sem hlýtur að teljast ólíklegt.

Það er fyrirtækinu mikið hagsmunamál að eiga möguleika á að byggja upp starfsemi sína í framtíðinni. Að því gefnu að breið sátt tækist um slíka uppbyggingu hefði hún einnig í för með sér mikinn ávinning fyrir bæjarfélagið.

Í þessu sambandi vekur fyrirtækið athygli á að í desember 2003 keypti fyrirtækið land á þessu svæði af Hafnarfjarðarbæ fyrir liðlega 290 milljónir króna til að skapa svigrúm fyrir aukna starfsemi.

Í kaupsamningnum, sem er jafnframt afsal, segir undir liðnum "Forsendur kaupa":

"Á hinu selda liggur hluti Reykjanesbrautar. Vegurinn er í eigu Vegagerðar ríkisins. Seljandi ábyrgist að hann muni útvega Vegagerð ríkisins svæði undir þann hluta Reykjanesbrautar sem færa þarf þegar fyrirhugaðar framkvæmdir kaupanda á hinu selda hefjast. Vegurinn skal fluttur eigi síðar en þegar hagsmunir kaupanda krefjast þess. Seljandi skal tryggja að Vegagerð ríkisins verði að fullu upplýst."

Hafnarfjarðarbær hefur því skuldbundið sig til að tryggja að lega Reykjanesbrautar standi ekki í vegi fyrir uppbyggingu á vegum fyrirtækisins á hinu keypta landi. Fyrirtækið treystir því að staðið verði við þessa skuldbindingu ef og þegar af mögulegri uppbyggingu verður á landinu. Að öðrum kosti áskilur fyrirtækið sér allan rétt.

Fyrirtækið óskar því eftir að áfram verði gert ráð fyrir færslu Reykjanesbrautar í aðalskipulaginu.

II. Þynningarsvæði

Á skipulagsupprætti er þynningarsvæði fyrirtækisins auðkennt sem "bráðabirgða þynningarsvæði". Fyrirtækinu er ekki ljóst hvaða rök hníga að því að skilyrða þynningarsvæðið með þessum hætti. Mörk þynningarsvæðisins eru ákveðin af Umhverfisstofnun og kveðið er á um þau í starfsleyfi fyrirtækisins sem gefið er út af stofnuninni og er í fullu gildi. Fyrirtækið fer því fram á að orðið "bráðabirgða" verði fellt út af skipulagsupprættinum.

Fyrirtækið gerir að sama skapi athugasemd við orðalag greinargerðar með aðalskipulagstillögunni, þar sem segir á bls. 35:

"Þetta þynningarsvæði á eingöngu við það framleiðslumagn og mengunarvarnir sem nú er fyrir hendi í álverinu í Straumsvík. Þynningarsvæðið eins og það er sýnt nú í aðalskipulaginu er því ekki þynningarsvæði fyrir stækkað álver eða viðurkenning á því starfsleyfi sem Umhverfisstofnun hefur gefið út og hefur verið staðfest af ráðherra."

Í þessu sambandi vekur fyrirtækið athygli á að starfsleyfi þess gildir fyrir allt að 460.000 tonna ársframleiðslu og í því er ekki getið um að mörk þynningarsvæðis skuli breytast með breyttu framleiðslumagni eða mengunarvörnum. Sú staðhæfing að þynningarsvæðið gildi eingöngu fyrir það framleiðslumagn og mengunarvarnir sem nú séu fyrir hendi, en ekki fyrir stækkað álver, á sér því ekki stoð í starfsleyfinu. Fyrirtækið óskar eftir að þetta verði lagfært, þannig að orðalag málsgreinarinnar endurspegli starfsleyfi fyrirtækisins.

Varðandi mögulega endurskoðun á mörkum þynningarsvæðisins lýsir fyrirtækið sig reiðubúið til að taka þátt í athugun á því með þar til bærum yfirvöldum, þ.á.m. Hafnarfjarðarbæ, ef og þegar til framkvæmda kemur í framtíðinni sem kalla á breytingar á deiliskipulagi.

III. Aðgangur að vatnsveitu

Hætt er við að tvöföldun Reykjanesbrautar í núverandi vegstæði torveldi verulega aðgengi fyrirtækisins að vatnsveitu þess suðaustan vegarins. Fyrirtækið óskar eftir að áfram verði tryggt gott aðgengi að vatnsveitunni og að samráð verði haft við fyrirtækið um hönnun þeirra vegtenginga.

IV. Hjólreiða- og göngustígur á milli Straumsvíkur og Hvaleyrarholts

Á milli Straumsvíkur og Hvaleyrarholts, meðfram Reykjanesbraut, liggur hjólreiða- og göngustígur sem fjölmargir starfsmenn fyrirtækisins nýta daglega til að komast til og frá vinnu. Gera má ráð fyrir að tvöföldun Reykjanesbrautar í núverandi vegstæði kalli á færslu á hluta þessa stígs og nýjar tengingar við breytt umferðarmannvirki. Ekki er auðséð af skipulagsupprættinum hvernig þessu verður háttað. Fyrirtækið óskar eftir að tekið verði tillit til mikilvægis þessa stígar þannig að tryggt verði að um hann verði áfram unnt að fara greiðlega og örugglega milli Straumsvíkur og byggðarinnar í Hafnarfirði.

V. Nýtt tengivirki að Hrauntungum

Varðandi fyrirhugaða færslu Hamranesstengivirkis að Hrauntungum bendir fyrirtækið á að það er mikilvægt hagsmunamál fyrirtækisins, með tilliti til afhendingaröryggis á rafmagni, að nýja tengivirkið verði yfirbyggt. Fyrirtækið óskar því eftir aðalskipulagið komi ekki í veg fyrir að svo megi verða.

VI. Eignarhald á landi

Í kafla 3.1.3 í greinargerðinni, sem ber yfirskriftina "Eignarhald á landi", eru talin upp helstu lönd í einkaeign innan lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðar. Ekki er þar minnst á eignarland fyrirtækisins og því vert að benda á að í nóvember 2001 keypti fyrirtækið

u.p.b. 220 hektara lands af Skógrækt ríkisins. Um er að ræða landspildu austan Reykjanesbrautar úr jörðinni Straumi að frádregnu landi Tjarnarhóls, Gerðis og Þorbjarnarstaða. Auk þessa keypti fyrirtækið tæplega 52 hektara lands af Hafnarfjarðarbæ í desember 2003, eins og getið er um í lið I. hér að framan.

Virðingafyllst,



Ólafur Teitur Guðnason
upplýsingafulltrúi
netfang: olafurg@riotinto.com
sími: 560 7110
farsími: 856 3535